## 1.10 Þjónustu- og nýsköpunarsvið




Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði fyrir tímabilið janúar - september 2025 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld voru 3.715 m.kr.** eða 106 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins eða sem nam 2,9%.




| Rekstur ÞON (m.kr.) | Raun 2025 | Áætlun 2025 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 2.550 | 1.836 | 714 | 39% |
| Laun og launat. gjöld | 1.676 | 1.590 | 86 | 5% |
| Annar rekstrarkostnaður | 4.590 | 3.855 | 734 | 19% |
| **Nettó útgjöld** | **3.715** | **3.609** | **106** | **2,9%** |

**Tekjur** námu 2.550 m.kr. eða sem nemur 714 m.kr. yfir áætlun tímabilsins.

**Laun og launatengd gjöld** námu samtals 1.676 m.kr. eða samtals 86 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins.

**Annar rekstrarkostnaður** nam samtals 4.590 m.kr. sem er 734 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins.

**Fjárfesting í Eignasjóði** nam samtals 1.104 m.kr. en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir fjárfestingum að fjárhæð 1.200 m.kr.

| Málaflokkar ÞON - m.kr | Tekjur | Áætlun 2025 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2025 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2025 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2025 | Frávik tímabils | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Borgarskjalasafn | 2 | 1 | 1 | 81 | 83 | -2 | 68 | 77 | -9 | 147 | 158 | -12 | -7,3% |
| Gagnaþjónusta | 118 | 0 | 118 | 104 | 115 | -11 | 35 | -35 | 70 | 22 | 80 | -59 | -73,0% |
| Upplýsinga- og skjalastýring | 80 | 14 | 66 | 137 | 80 | 58 | 69 | 88 | -19 | 127 | 154 | -27 | -17,7% |
| Rekstrarþjónusta | 73 | 65 | 8 | 69 | 105 | -36 | 480 | 365 | 115 | 476 | 405 | 71 | 17,5% |
| Stafræn Reykjavík | 308 | 77 | 230 | 407 | 386 | 21 | 110 | -71 | 182 | 209 | 237 | -28 | -11,7% |
| Miðlæg skrifstofa ÞON | 8 | 1 | 7 | 126 | 124 | 2 | 49 | 63 | -14 | 168 | 186 | -19 | -10,0% |
| Upplýsingatækniþjónusta | 1.850 | 1.661 | 188 | 447 | 342 | 104 | 3.600 | 3.317 | 283 | 2.197 | 1.998 | 199 | 10,0% |
| Þjónusta og umbreyting | 112 | 16 | 96 | 305 | 355 | -50 | 178 | 52 | 125 | 371 | 391 | -20 | -5,2% |
| **Rekstur samtals** | **2.550** | **1.836** | **714** | **1.676** | **1.590** | **86** | **4.590** | **3.855** | **734** | **3.715** | **3.609** | **106** | **2,9%** |
| | | | | | | | | | | | | | |
| Eignasjóður fjárfestingar | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.104 | 1.200 | -96 | **1.104** | **1.200** | **-96** | **-8,0%** |
| | | | | | | | | | | | | | |
| **Samtals** | **2.550** | **1.836** | **714** | **1.676** | **1.590** | **86** | **5.694** | **5.055** | **638** | **4.819** | **4.809** | **10** | **0,2%** |

**Rekstrarþjónusta** var 71 m.kr. yfir áætlun tímabilsins. Nausynlegt var að ráðast í umfangsmiklar úrbætur varðandi öryggi í ráðhúsinu, að beiðni borgarstjóra og borgarritara, í samstarfi við eignasjóð og umhverfis- og skipulagssvið. Kostnaður vegna þessa umfram áætlanir á tímabilinu nemur 70 m.kr. og skiptist í staðbundna öryggisgæslu og aðkeyptan búnað og sérfræðiþjónustu. Einnig er mötuneyti í Höfðatorgi umfram fjárheimildir þar sem mótframlag sviða hefur ekki skilað sér vegna kerfisvillu í tölvukerfi mötuneyta. Unnið er að lagfæringum.

**Upplýsingatækniþjónusta** var samtals 199 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins. Laun og launatengd gjöld voru 104 m.kr. umfram fjárheimildir. Búið er að fara í mótvægisaðgerðir vegna launa og launatengdra gjalda sem koma inn á næsta ársfjórðungi. Hélstu frávik eru í launum og launatengdum gjöldum en stöðugildi á skrifstofunni hafa verið notuð m.a. í verkefnastjórn og þróun sem verður hætt á nýju ári. Annar rekstrarkostnaður var 283 m.kr. umfram fjárheimildir en kostnaður vegna hugbúnaðarleyfa borgarinnar hefur aukist umtalsvert en hækkanir hjá birgjum (ss. Microsoft, Cisco og Atlassian) hafa verið talsvert umfram áætlanir. Þá hafa kjarasamningsbundnar hækkanir þjónustusamninga einnig hækkað umfram áætlanir. Rekstur gagnavers og gangsetning á því tafðist á þann hátt að það þurfti að viðhalda eldra fyrirkomulagi lengur en gert var ráð fyrir. Þessi seinkun hafði í för með sér verulegan kostnað, sem nemur um 38 m.kr. Við greiningu á aðdraganda tafarinnar kom í ljós að hluta kostnaðarins má rekja til birgjans. Viðræður um mögulegar skaðabætur eru nú í gangi.

### Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á: